

Tilkynning um frumurannsóknir innan meinafræðideildar Landspítalans

Ágætu læknar

Það tilkynnist hér með að meinafræðideild Landspítalans hefur hafið frumusýnarannsóknir (cytologia). Tekið verður á móti öllum tegundum frumurannsóknarsýna að undanskildum leghálassýnum, sem áfram verða til rannsóknar á frumurannsóknarstofu Krabbameinsfélags Íslands, a.m.k. enn um sinn.

Öll aðferð við sendingu sýna skal óbreytt frá því sem áður hefur verið varðandi frágang sýna og upplýsingar sem fram þurfa að koma á beiðnum um frumurannsókn, nema hvað senda þarf sýnin á meinafræðideild Landspítalans við Hringbraut, í hús 8.

Búið er að vinna drög að beiðni um frumurannsóknir til meinafræðideilda LSH og mun sú beiðni verða aðgengileg á neti spítalans undir „*Hjónustuhandbók rannsókna*“ – „*Beiðnablöð og leiðbeiningar*“ – „*Meinafræðideild*“.

Ingibjörg Guðmundsdóttir meinafræðingur hefur verið ráðin til starfa á meinafræðideild LSH og Margrét Snorradóttir hefur ljáð máls á að vera í tímavinnu á deildinni til þess að annast viðbótarþörf fyrir starf frumumeinafræðings, enda ekki fleiri meinafræðingar á deildinni með þekkingu á þessu sérsviði meinafræðinnar. Vonandi tekst meinafræðideildinni að laða að aðra lækna á næstu árum til að starfa við þessa nauðsynlegu sérgein læknisfræðinnar.

Með góðri kveðju og von um ánægjuleg samskipti

7/1 2015



Jon Gunnlaugur Jónasson yfirlæknir
Meinafræðideild Landspítalans, hús-8
Landspítalanum-Hringbraut